

2. nóvember 2015

## Reykjavík-Rotterdam, rannsókn á vöruútflutningi til Niðurlands (Hollands)

*Reykjavík-Rotterdam, a study of exports of goods to the Netherlands*

### Samantekt

Markmið þessarar rannsóknar er að rannsaka hlutdeild Hollands<sup>1</sup> (Niðurlands) í vöruútflutningi þar sem hún hefur aukist mjög ört á undanförunum árum. Mikið af vöruútflutningi fer um skipahöfnina í Rotterdam á leið til áfangastaðar sem gæti bent til þess að hlutdeild Niðurlands sé of hátt. Haft var samband við útflutningsaðila til að sannreyna gögn um útflutning til Niðurlands. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að ekki er unnt með auknum upplýsingum frá útflytjendum að finna endanlegt ákvörðunarland fyrir meirihluta þess útflutnings sem fer til Niðurlands þar sem mikilvægir útflutningsaðilar á iðnaðarvöru (aðallega áli og álafurðum) búa ekki yfir þeim upplýsingum. Því er ljóst að flutningur um Rotterdam hefur mikil áhrif á niðurstöðu um landaskiptingu útflutnings. Í tilviki útflutnings á sjávarafurðum var hins vegar í flestum tilvikum hægt að fá upplýsingar um endanlegt ákvörðunarland. Hlutdeild Niðurlands í heildarútflutningi lækkar því aðeins um 6% eða um 39 milljarða króna. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að ekkert bendir til þess að útflutningur til Rússlands hafi verið vanmetinn.

### Inngangur

*Hlutdeild Niðurlands í útflutningi var 29% árið 2014*


Tölur um landaskiptingu vöruútflutnings frá Íslandi eru mjög mikilvægar til að fylgjast með þróun útflutningsmarkaða fyrir íslenskar útflutningsafurðir og hvar hagsmunirnir liggja. Til að mynda skiptir máli í fríverslunarsamningum að tölur séu sem nákvæmastar til að slíkir samningar skili sem mestum ávinningi. Þegar tölur um vöruútflutning frá Íslandi eru skoðaðar kemur í ljós hátt hlutfall Niðurlands sem endastöð útflutnings.

Árið 2014 var Niðurland langstærsti áfangastaður íslensks vöruútflutnings með 29% hlutdeild og slær þar með við talsvert fjölmennari löndum með stærri mörkuðum fyrir íslenskar afurðir. Heildarvöruútflutningur Íslands 2014 nam 590 milljörðum króna og þar af var útflutningur til Niðurlands samtals 172 milljarða kr.

<sup>1</sup> Starfshópur með fulltrúum frá Hagstofu Íslands, Íslenskri málnefnd, Ríkisútvarpinu, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Utanríkisráðuneyti skilaði niðurstöðum um ríkjaheiti á íslensku í apríl 2015. Þar kom fram að formlega væri réttast að vísa til Hollands sem Niðurlands, þar sem Holland er einungis hluti af Niðurlandi. Hér verður því vísað til Hollands sem Niðurlands.

### Mynd 1. Útflutningur eftir löndum 2014


Figure 1. Exports by countries 2014



**Skýringar** Notes: NL = Niðurland *Netherlands*; GB = Bretland *United Kingdom*; ES = Spánn *Spain*; DE = Þýskaland *Germany*; FR = Frakkland *France*; RU = Rússland *Russia*; US = Bandaríkin *United States*; NO = Noregur *Norway*; LT = Litháen *Lithuania*.

### Mynd 2. Útflutningur til Niðurlands eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) 2014

Figure 2. Exports to the Netherlands by commodities (SI classification) 2014




Útflutningur til Niðurlands að megininu til iðnaðarvörur

Mynd 2 sýnir hvernig útflutningur til Niðurlands 2014 skiptist eftir vöruflokkum. Hún sýnir að mikill meirihluti útflutnings þangað telst til iðnaðarvöru en undir þann flokk teljast m.a. ál og álafurðir, kísiljárn, lyf, ýmis tæki og margt fleira. Hér ber einnig að nefna að sjávarafurðir eru einungis 8% af heildarútflutningi til Niðurlands.

### Mynd 3. Þróun útflutnings til helstu landa árin 2000–2014

Figure 3. Exports by main countries 2000–2014



**Skýringar** Notes: NL = Niðurland *Netherlands*; GB = Bretland *United Kingdom*; ES = Spánn *Spain*; DE = Þýskaland *Germany*; FR = Frakkland *France*; RU = Rússland *Russia*.

Ör vöxtur í útflutningi til Niðurlands undanfarin ár

Á mynd 3 sést hvernig hlutdeild Niðurlands hefur farið stigvaxandi undanfarin ár, en árið 2006 tekur hlutdeild Niðurlands fram úr Bretlandi sem hefur sögulega verið helsti útflutningsmarkaður Íslands. Það ár markar einnig upphaf mikils vaxtakipps í hlutdeild Niðurlands sem nær hámarki árið 2010 í 34% af heildarútflutningi og hefur síðan haldist stöðugt í kringum 30%. Þessi þróun hefur valdið Hagstofu áhyggjum þar sem ein stærsta umskipunarhöfn í heimi er höfnin í Rotterdam og ekki ólíklegt að það gæti haft áhrif á landaskiptingu vöruútflutnings. Hagstofan ákvað því, með stuðningi frá Utanríkisráðuneytinu, að hefja þessa rannsókn til að ganga úr skugga um hvort að gögnin þar sem Niðurland er skráð sem endanlegt ákvörðunarland séu rétt. Jafnframt var markmið rannsóknarinnar að finna ástæður fyrir þessari miklu hlutdeild Niðurlands í útflutningi og athuga möguleika á leiðréttingum þar sem það á við.

Gögn Hagstofu um inn- og útflutning byggja á tölum sem eru fengnar úr tollskýrslum. Útflutningsaðilum ber að fylla út útflutningssskýrslu í hvert skipti sem vara er flutt úr landi og kemur þá fram ákvörðunarland útflutnings, en með því er átt við endastöð vöruflutnings eða nánar tiltekið það land þar sem endanleg ráðstöfun vörunnar á sér stað. Ef skekkja er til staðar í gögnunum þá hlýtur rót vandans að liggja í hvernig upplýsingar eru skráðar í tollskýrslur og því var áhersluatriði rannsóknarinnar að sannreyna þær upplýsingar.

### Aðferðafræði

Rannsóknin byggist á viðtölum við útflutningsaðila og sölutölum þeirra

Rannsóknin byggði að mestu leyti á viðtölum við helstu útflutningsaðila til Niðurlands. Miðað var við að taka viðtöl við alla aðila sem flytja út til Niðurlands fyrir meira en 100 milljónir króna, en með því móti náðist yfir 98% af heildarútflutningi þangað. Í framhaldi af viðtölum var sóst eftir því að fá sölutölur frá fyrirtækjunum sjálfum og hlutdeild hvers lands í heildarsölu og reyna með þeim hætti að sannreyna útflutningsgögn Hagstofunnar, þar sem fyrirtækin sjálf kynnu að hafa undir höndum upplýsingar sem Hagstofa hefur ekki sem snerta endastöð útflutnings.

*Misræmi í útflutningstölum  
Hagstofu og sölutölum  
fyrirtækja*

Þegar búið var að taka á móti sölutölum útflutningsaðila kom í einhverjum tilvikum í ljós að misræmi var á milli útflutningstalna Hagstofunnar og sölutalna útflutningsfyrirtækja. Þetta misræmi skýrist af eftirfarandi atriðum.

1. Tímamisræmi. Ef útflutningur á vöru á sér stað á einu ári en salan á henni á sér stað á öðru ári, þá myndast misræmi milli útflutnings- og sölutalna. Vara skráist sem útflutningur þegar hún fer yfir landamærin en dæmi eru um að vara hafi selst allt að tveimur árum eftir að hún var flutt út.
2. Söluverð og skráð verðmæti í tollskýrslu geta verið mismunandi.
  - a. Þegar útflutningur er skráður á tollskýrslu á hann að skrást á fob verðmæti (free on bord), eða verðmæti vöru eins og það er þegar hún er komin um borð í flutningsfar. Hins vegar innihéldu sölutölur fyrirtækja í mörgum tilvikum flutningskostnað ásamt öðrum áföllnum kostnaði.
  - b. Þegar vara er send óseld úr landi þá er sett á tollskýrslu áætlað söluverð sem getur verið breytilegt frá endanlegu söluverði.
  - c. Í rannsókn Hagstofunnar var notast við miðgengi gjaldmiðla yfir árið í þeim tilvikum sem sölutölum var skilað í erlendri mynt. Ef miklar breytingar voru á gengi gjaldmiðilsins yfir árið þá getur ársmiðgengi árs gefið skakka mynd.
3. Sala á öðru en meginafurðum fyrirtækisins. T.d. sala á skipum, bílum og tækjum til erlendra aðila, sem kemur fram í útflutningstölum Hagstofu en ekki í sölutölum fyrirtækja.

Vegna þessa misræmis var ákveðið að draga fram hlutdeild hvers lands í sölu viðkomandi útflutningsaðila og heimfæra yfir á útflutningstölur. Með þeim hætti er hægt að viðhalda tölunni yfir heildarútflutning Íslands fyrir árið.

## Rotterdam-áhrifin

*Viðkoma vöru í skipahöfninni í  
Rotterdam skýrir mikla hlutdeild  
Niðurlands í útflutningi*

Þegar vöruflutningar milli tveggja landa eiga viðkomu í þriðja landinu þá hættir útflutningsaðilum til að skrá þriðja landið sem áfangastað vöruflutninganna. Þar af leiðir verður þriðja landið ofmetið í tölum um utanríkisverslun ríkjanna. Í tilviki Íslands fer mikið af vöruútflutningi um skipahöfnina í Rotterdam á leið til áfangastaðar. Því er talað um Rotterdam áhrifin þegar horft er á mikla hlutdeild Niðurlands í vöruútflutningi. Þessi áhrif eru ekki bundin eingöngu við Rotterdam heldur má finna sambærileg áhrif við aðrar stórar skipahafnir, t.d. í Antwerpen í Belgíu og fyrir íslenskar sjávarafurðir sem fluttar til A-Evrópu en hluti þeirra fer um höfnina í Klaipeda í Litháen. Í viðtölum við útflutningsaðila komu fram tvær meginástæður fyrir Rotterdam áhrifum:

### 1. Endastöð íslensks útflutnings er óþekkt

*Ákvörðunarland vöru óþekkt og  
því Niðurland sett sem  
ákvörðunarland*

Í mörgum tilvikum þegar íslenskur útflutningsaðili flytur vöru út til Niðurlands er varan afhent erlendum kaupanda þar. Íslenski aðilinn hefur ekki upplýsingar um hvar varan endar og því er Niðurland endastöð vörunnar frá þeirra sjónarhóli. Varan er því skráð sem útflutningur til Niðurlands.

Einnig getur verið um að ræða að íslenska varan fari í áframvinnslu í Niðurlandi. Íslenski útflutningurinn hverfur inn í virðisaukakeðju og því eðlilegast að skrá Niðurland sem ákvörðunarland.

*Sjávarafurðir eru oft sendar í geymslu til Rotterdam vegna geymsluskorts á Íslandi og til að minnka afhendingartíma*

## 2. Útflutningur sendur í geymslu til Rotterdam

Fyrir útflutningsfyrirtæki í sjávarútvegi er margvíslegt hagræði sem hlýst af því að senda sjávarafurðir í geymslu til Rotterdam. Í fyrsta lagi er skortur á geymsluplássi á Íslandi, sérstaklega þegar makrílvertíðin stendur sem hæst og því hagkvæmt að senda sjávarafurðir í geymslu í Rotterdam. Í öðru lagi þá er hægt að stytta afhendingartíma vöru til kaupenda í Evrópu og Asíu með því að geyma vöru í Rotterdam fremur en á Íslandi. Loks er geymsluplássið í Rotterdam tiltölulega ódyrt. Vara í geymslu í Rotterdam getur legið þar í nokkra mánuði og í sumum tilvikum í nokkur ár áður en kaupandi finnst. Því hafa útflytjendur ekki upplýsingar um endanlegan ákvörðunarstað þegar tollskýrsla er útfyllt. Enn og aftur er Niðurland skráð sem ákvörðunarstaður útflutnings.

Hér skal tekið fram að ef varan er tollafgreidd inn í Niðurland skal samkvæmt tollalögum setja Niðurland sem ákvörðunarland.


## Niðurstöður

*Meirihluta skekkju af völdum Rotterdam áhrifa er ekki hægt að leiðrétta*

Helsta niðurstaða rannsóknarinnar er sú að einungis er hægt að leiðrétta lítinn hluta þeirrar skekkju sem Rotterdam áhrifin valda með nánari upplýsingum frá útflutningsfyrirtækjum. Stór hluti þeirra fyrirtækja sem flytja út til Niðurlands hafa ekki vitneskju um hvert varan er áframsend eftir viðkomu í Rotterdam og skrá því Niðurland sem ákvörðunarland. Í flestum tilvikum er um að ræða útflytjendur iðnaðarvara (aðallega ál og álafurðir) en í einhverjum tilvikum var um að ræða sjávarafurðir sem voru afhentar kaupendum í Niðurlandi. Í þau skipti þar sem hægt var að leiðrétta fyrir Rotterdam áhrifum var um að ræða útflytjendur sjávarafurða sem senda vörur í geymslu til Rotterdam (sjá umfjöllun um Rotterdam áhrifin).

## Mynd 4. Útflutningur eftir löndum, leiðréttaðar tölur 2014

Figure 4. Exports by countries, corrected figures 2014




**Skýringar** Notes: NL = Niðurland *Netherlands*; GB = Bretland *United Kingdom*; DE = Þýskaland *Germany*; FR = Frakkland *France*; ES = Spánn *Spain*; US = Bandaríkin *United States*; RU = Rússland *Russia*; NO = Noregur *Norway*.

Mynd 4 sýnir hlutdeild landa í vöruútflutningi frá Íslandi árið 2014 með því að styðjast við sölutölur. Niðurland er enn langstærsta útflutningslandið en vægi þess hefur minnkað um 6% eða 39 milljarða kr. Útflutningur sem áður var skráður á Niðurland færir mest á Þýskaland, en virðist annars dreifast nokkuð jafnt á öll

önnur lönd svo að engin meiriháttar breyting er á röðun landa eftir hlutdeild í útflutningi. Mynd 5 sýnir þau lönd þar sem hlutdeild í útflutningi breyttist mest.

**Mynd 5. Breyting á hlutdeild landa í útflutningi byggt á sölutölum 2014, %**  
*Figure 5. Changes in countries' share of exports based on sales figures 2014, %*



**Skýringar** Notes: NL = Niðurland *Netherlands*; ES = Spánn *Spain*; LT = Litháen *Lithuania*; NO = Noregur *Norway*; NG = Nígíería *Nigeria*; RU = Rússland *Russia*; IT = Ítalía *Italy*; PL = Pólland *Poland*; FR = Frakkland *France*; DE = Þýskaland *Germany*.

*Tölur Hagstofu um útflutning til Rússlands nokkuð nákvæmar*

Í framhaldi af viðskiptabanni Rússlands á íslenskar afurðir kom fram umræða um hvort að útflutningstölur sýndu rétta mynd af viðskiptum við Rússland, þ.e. hvort útflutningur til Rússlands sem fer í gegnum Rotterdam sé skráður sem útflutningur til Niðurlands.

Eftir viðræður við helstu útflutningsaðila og skoðun talna fyrirtækjanna sjálfra hefur komið í ljós að engin meiriháttar frávik eru á þeim tölum sem Hagstofan hefur áður gefið út um útflutning til Rússlands og þeim tölum sem fyrirtækin hafa yfir að búa. Í flestum tilvikum hefur raunin verið sú að útflytjendur hafa flutt sjávarafurðir beint frá Íslandi til Rússlands því rússneskir innflytjendur hafa gert þá kröfu að með íslenskum sjávarafurðum fylgi heilbrigðisvottorð frá viðurkenndum stjórnvöldum. Sé fiskur sendur í geymslu í Rotterdam þá er ekki hægt að fullyrða að annar fiskur, með aðra eða enga vottun, lendi ekki með í sendingu frá Rotterdam til Rússlands og það vilja rússneskir innflytjendur forðast. Rétt er að taka fram að kröfur rússneskra innflytjenda til vottorða geta verið mismunandi og mögulegt er að íslenskar sjávarafurðir endi í Rússlandi með öðrum leiðum en beinni sendingu, en sé tekið mið af sölutölum fyrirtækja þá er sú upphæð óveruleg.

## Tillögur til úrbóta

Eins og fram hefur komið reyndist einungis unnt að leiðrétta útflutningstölur að takmörkuðu leyti. Sú leiðrétting snýr að útflutningi sem er sendur í geymslu í Rotterdam og útflutningsaðilar hafa upplýsingar um endanlegt ákvörðunarland. Nokkrar leiðir eru færar til að bæta hagtölur varðandi þennan útflutning.

## Aukinn sveigjanleiki í tollkerfi

*Með meiri sveigjanleika í tollkerfi mætti auka gæði útflutningstalna*

Ef leiðrétta þarf útflutningsskýrslu þegar nánari upplýsingar liggja fyrir geta útflutningsaðilar skilað leiðréttingarskýrslu, svokallaða afgangsskýrslu tvö. Tollyfirvöld eru nú með í undirbúningi rafræna bráðabirgðaskýrslu þegar varan er flutt út og möguleika á að skila endanlegri skýrslu þegar upplýsingar um kaupanda og endastöð liggja fyrir. Þessar útfærslur gera því miður einungis ráð fyrir einu ákvörðunarlandi fyrir hverja sendingu samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Því hefur reynst ógerlegt fyrir útflytjendur skipta því ákvörðunarlandi sem sett var á skýrslu út fyrir fleiri en eitt land í afgangsskýrslu tvö eða í endanlegri tollskýrslu. Ef tollskýrslur yrðu sveigjanlegri að þessu leyti væri unnt að leiðrétta hlutdeild Niðurlands í útflutningi sjávarafurða.

## Reglubundin skil á sölutölum fyrirtækja

Þessi leið byggir á sömu aðferðafræði og þessi rannsókn eins og greint var frá í aðferðafræðikaflanum. Útflutningsaðilar búa oft að meiri upplýsingum en koma fram í útflutningstölunum vegna fyrirnefnds annmarka í tollskýrslum. Því er mögulegt að útflutningsfyrirtæki skili inn reglulega sölutölum og þá hlutdeild hinna ýmsu landa í sölu fyrirtækisins. Þessi leið til að leiðrétta ákvörðunarland verður teljast síðri en leiðin sem fyrr er nefnd vegna mismunar söluverða og skráðs verðmætis í tollskýrslu.

## Sjálfvirk öflun upplýsinga úr söluhugbúnaði fyrirtækja

Þessi leið er í raun ein útfærsla á skilum fyrirtækja á sölutölum en felur í sér að skilin eigi sér stað sjálfkrafa til Hagstofu í hvert skipti sem gengið er frá sölu til erlendra aðila í söluhugbúnaði fyrirtækja. Fordæmi eru fyrir þessari tegund gagnasöfnunar á öðrum sviðum, t.d. þegar strikamerki eru skönnuð í verslunum og tilsvarandi vara seld þá safnast þær upplýsingar í miðlægan gagnagrunn (e. Scanner Data).

Allar þessar leiðir eru að einhverju leyti íþyngjandi m.v. núverandi fyrirkomulag. Ef útflytjendur myndu reglubundið breyta ákvörðunarlöndum í tollskýrslum miðað við nýjustu upplýsingar fæli það í sér einhverja viðbótar vinnu við gerð tollskýrslna. Reglubundin skil á sölutölum fela einnig í sér aukna vinnu við að taka saman tölurnar og vinna úr þeim. Sjálfvirk öflun sölutalna er örugglega minnst íþyngjandi fyrir starfsfólk fyrirtækjanna en gæti falið í sér ákveðinn upphafs-kostnað við að breyta hugbúnaði og koma kerfinu upp.

Það er mat Hagstofu að hagstæðast sé að gögnin séu sem réttust frá fyrstu hendi og því væri mjög æskilegt ef aukinn sveigjanleiki yrði til staðar í tollakerfi til að breyta upplýsingum um ákvörðunarland.

Hagstofa þakkar öllum þeim fyrirtækjum sem haft var samband við fyrir góða samvinnu við framkvæmd þessarar rannsóknar.

## English summary

The aim of this study is to analyse the Netherlands' high and rising share as a destination of goods exported from Iceland over the last few years. The study's conclusion is that in the majority of cases, the exporting firms do not know the final destination of the goods (mainly aluminium and aluminium products) they export to the Netherlands. However, in the case of marine products, the country of final destination is usually known. The share of the Netherlands in total exports decreases therefore only by 6% or ISK 39,000 million. The study also revealed that the figures Statistics Iceland has released regarding exports to Russia were fairly accurate.

The Icelandic export figures for the Netherlands do not fully reflect Dutch demand for Icelandic goods, due to the role played by the port of Rotterdam as export goods are often erroneously categorised as exports to the Netherlands. The main reason is that an exporter delivering goods to buyers in the Netherlands without knowing its final destination. Another reason is that goods are often exported and stored unsold in the Netherlands, and so at the time of export the buyer is yet to be found and the goods are declared as an export to the Netherlands.

Hagfíðindi  
Statistical Series

100. árg. • 37. tbl.  
ISSN 1670-4770

Greinargerðir  
*Working papers*

2. nóvember 2015

Umsjón *Supervision* Haukur Viðar Guðjónsson • [haukur.gudjonsson@hagstofa.is](mailto:haukur.gudjonsson@hagstofa.is)  
[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

Sími *Telephone* +(354) 528 1000  
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*